

# STJÓRNARTÍÐINDI B 43 – 1994

Nr. 337

1118

16. júní 1994

## REGLUGERÐ

### um bann við rækjuveiðum fyrir Norðurlandi.

#### 1. gr.

Allar rækjuveiðar eru bannaðar á eftirgreindum svæðum fyrir Norðurlandi:

1. Á svæði, sem markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

1.  $67^{\circ}15'N - 19^{\circ}37'V$
2.  $67^{\circ}02'N - 19^{\circ}37'V$
3.  $67^{\circ}02'N - 19^{\circ}50'V$
4.  $67^{\circ}05'N - 19^{\circ}50'V$
5.  $67^{\circ}05'N - 21^{\circ}10'V$
6.  $67^{\circ}10'N - 21^{\circ}10'V$
7.  $67^{\circ}15'N - 20^{\circ}50'V$

Þrátt fyrir bann í 1. tl. er skipum, sem stunda rækjuveiðar með seiðaskilju, heimilt að stunda rækjuveiðar á ofangreindu svæði. Seiðaskilju skal komið fyrir í belg vörpunnar og skal bil milli rimla vera í mesta lagi 21 mm. Á efra byrði vörpunnar fyrir framan skiljuna skal vera gat þar sem fiskur, sem ekki fer í gegnum skiljuna, skilst út.

2. Á svæði, sem markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

1.  $67^{\circ}03'N - 18^{\circ}34'V$
2.  $67^{\circ}03'N - 18^{\circ}20'V$
3.  $66^{\circ}53'N - 18^{\circ}20'V$
4.  $66^{\circ}53'N - 18^{\circ}34'V$

3. Á svæði, sem markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

1.  $66^{\circ}49'N - 19^{\circ}20'V$
2.  $66^{\circ}49'N - 19^{\circ}12'V$
3.  $66^{\circ}36'N - 19^{\circ}12'V$
4.  $66^{\circ}36'N - 19^{\circ}20'V$

#### 2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 25. júní 1994 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma fellur út gildi reglugerð nr. 482, 2. desember 1993, um bann við rækjuveiðum fyrir Norðurlandi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 16. júní 1994.*

**Þorsteinn Pálsson.**

Árni Kolbeinsson

**REGLUGERÐ****um breytingu á reglugerð nr. 247/1991, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra fyrirtækja.**

## 1. gr.

1. tölul. 1. mgr. 1. gr. orðast svo: Kaupa, aðvinnslu, geymslu eða flutnings á vörum, hálfunnum eða fullunnum, sem þau hafa vegna atvinnustarfsemi sinnar flutt úr landi í eigin nafni, svo og kaupa á þjónustu sem því tengist.

## 2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 3. mgr. 43. gr. og 1. mgr. 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 22. júní 1994.*

F. h. r.

**Jón H. Steingrímsson.**

Jón Guðmundsson.